

Hvalfjarðarsveit
Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. júní 2014
Tilvísun: UST20140500151/ksj

Tillaga að byggingu íbúðarhúss á lóð Leyni í landi Hrafnabjarga, Hvalfjarðarsveit.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 20. maí sl þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að byggingu íbúðarhúss á lóð Leyni í landi Hrafnabjarga í Hvalfjarðarsveit.


Náttúruminjar


Svæðið sem tillaga að byggingu íbúðarhúss nær til er á svæði nr. 235 á náttúruminjaskrá, Hvalfjarðarströnd. Í skránni segir; Strandlengjan frá Miðsandi út að Katanesi. Til austurs markast svæðið af athafnasvæði olíustöðvar og til vesturs af athafnasvæði járnblendiverksmiðju. Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi. Að mati Umhverfisstofnunar mun ofangreind áætlun um byggingu íbúðarhúss 50 m frá sjávarbakka á svæði á náttúruminjaskrá hafa neikvæð áhrif á svæðið. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að við framkvæmdir verði haft í huga að forðast allt óþarfa rask. Einnig minnir stofnunin á að skv. 23.gr. laga nr. 44/1999 um náttúuvernd skal ekki hindra aðgengi almennings meðfram ám, sjó og vötnum og skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal þess gætt við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis að rými sé fyrir fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Einnig segir í ofangreindri skipulagsreglugerð að utan þéttbýlis skuli ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Gæta þarf að því að aðgengi fólks verði ekki hindrað meðfram ströndinni þar sem áætlað er að reisa ofangreint hús.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar er bygging íbúðarhúss á ströndu sem er á náttúruminjaskrá vegna ríkulegs fuglalífs og fagurrar strandlengju ekki æskileg. Umhverfisstofnun mælir með að íbúðarhúsinu verði fundinn staður fyrir utan svæði á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun